

Reglur um flokkun viðskiptamanna

Samþykkt í maí 2020 / Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 21. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- 1.2. Reglunum er ætlað að tryggja að Kvika banki hf. (*hér eftir nefndur bankinn*) flokki viðskiptamenn sína í verðbréfavíðskiptum í samræmi við lög og að aðeins séu framkvæmd víðskipti sem hæfa flokkun einstakra viðskiptamanna.

2. Ábyrgð

- 2.1. Starfsmenn þeirra sviða bankans sem taka á móti fyrirmælum viðskiptamanna um verðbréfavíðskipti bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt í verki. Á þetta helst við um starfsmenn eignastýringar, fyrirtækjasviðs og markaðsviðskipta, en einnig starfsmenn annarra sviða sem eru í slíkum samskiptum við viðskiptamenn.
- 2.2. Komi upp vafi við framkvæmd eða túlkun regnanna skal leita álits hjá regluverði.

3. Flokkun viðskiptamanna

- 3.1. Bankinn skal flokka viðskiptamenn fyrir upphaf víðskipta í víðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta eða almenna fjárfesta.
 - 3.1.1. Fagfjárfestar: Með fagfjárfestum er átt við víðskiptamenn sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
 - a) Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
 - b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
 - i. Heildartala efnahagsreiknings er 20 milljónir evra eða hærri.
 - ii. Hrein ársvelta er 40 milljónir evra eða meiri.
 - iii. Eigið fé er 2 milljónir evra eða meira.
 - c) Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
 - d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfum eigna eða önnur fjármögnunarvíðskipti.

- e) Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 24. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Bankinn skal upplýsa fagfjárfesti um að hann geti óskað eftir að farið verði með hann sem almennan fjárfesti. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfestum þegar gert er skriflegt samkomulag við bankann þess efnis að ekki verði farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna víðskipta, þjónustu, fjármálagerninga eða afurða.

3.1.2. Viðurkenndur gagnaðili: Víðskiptamaður sem fellur undir a-,b- eða c-lið gr. 3.1.1.

- a) Þegar bankinn á víðskipti við víðurkenndan gagnaðila skal afla staðfestingar frá víðskiptamanni þess efnis að hann skuli teljast víðurkenndur gagnaðili. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða samþykki vegna einstakra víðskipta.
- b) Víðurkenndum gagnaðila er heimilt að fara fram á að bankinn fari eftir reglum um fjárfestavernd sem mælt er fyrir um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, í víðskiptum sínum við hann.
- c) Ef víðurkenndur gagnaðili fer fram á aukna vernd, en fer ekki ótvírætt fram á að fá meðferð sem almennur fjárfestir og bankinn samþykkir þessa beiðni, skal farið með hann sem fagfjárfesti.
- d) Víðurkenndur gagnaðili fær eingöngu meðferð sem almennur fjárfestir eftir að gert er skriflegt samkomulag við bankann þess efnis að farið verði með hann sem slíkan. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna víðskipta, þjónustu, fjármálagerninga eða afurða.

3.1.3. Almennur fjárfestir: Víðskiptamaður sem hvorki er fagfjárfestir né víðurkenndur gagnaðili.

- a) Almennur fjárfestir getur óskað eftir að farið verði með hann sem fagfjárfesti ef skilyrðum 5. greinar er fullnægt.

3.2. Bankinn tilkynnir víðskiptamönnum til hvaða flokks þeir teljast, upplýsir um rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og um takmarkanir á umfangi verndar víðskiptamanna eftir flokkun.

3.3. Séu starfsmenn í vafa um hvernig flokka skuli víðskiptamann og hvort víðskiptamaður uppfylli skilyrði þess að vera flokkaður sem fagfjárfestir eða víðurkenndur gagnaðili ber starfsmanni að ráðfæra sig við regluvörð. Ábyrgð á flokkun víðskiptamanns hvílir eftir sem áður á þeim starfsmanni sem framkvæmir flokkunina.

4. Breytingar sem hafa áhrif á flokkun

4.1. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna bankanum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.

4.2. Bankanum ber að grípa til víðeigandi aðgerða verði honum kunnugt um að víðskiptamaður uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

5. Skilyrði sem almennur fjárfestir þarf að fullnægja til að verða flokkaður sem fagfjárfestir


- 5.1. Almennur fjárfestir getur óskað eftir því að teljast fagfjárfestir almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Slík ósk þarf að berast bankanum skriflega á þar til gerðu eyðublaði.
- 5.2. Til að farið verði með viðskiptamann sem fagfjárfesti skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
 - 5.2.1. Viðskiptamaður skal hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
 - a) Einstaklingur sem óskar eftir að verða fagfjárfestir þarf sjálfur að hafa átt umrædd viðskipti fyrir eigin reikning og á eigin áhættu. Sýna verður fram á reynslu í þeim tegundum viðskipta sem ósk viðskiptamanns um að verða fagfjárfestir nær til. Sem dæmi má nefna að ef viðskiptamaður hefur eingöngu átt viðskipti með ákveðna tegund fjármálagerninga en óskar eftir að verða fagfjárfestir í öllum viðskiptum sínum er varhugavert að samþykkja færslu hans á milli flokka þar sem hann hefur þá ekki tilskylda reynslu sem gera má ráð fyrir hjá fagfjárfestum.
 - b) Ef um lögaðila er að ræða, sem óskar eftir að verða fagfjárfestir, er litið til þeirra viðskipta sem framkvæmd hafa verið fyrir hans hönd og fyrir hans reikning. Ekki er litið til persónulegrar reynslu forsvarsmanna lögaðilans. Að öðru leyti gilda ákvæði a) liðar.
 - 5.2.2. Verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis skal nema meira en 500 þúsund evrum.
 - a) Líta skal til persónulegrar nettóeignar viðskiptamanns. Til verðbréfaeignar teljast fjármálagerningar, sbr. skilgreiningu 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfa viðskipti.
 - 5.2.3. Viðskiptamaður skal gegna eða hafa gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
 - a) Viðskiptamaður sem er einstaklingur þarf að hafa haft það að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár að meta áhættu af fjárfestingum og bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum. Framlínustarfsmenn á verðbréfasviði og í eignastýringu eru þeir sem fyrst og fremst uppfylla þessar kröfur. Aðrir sérfræðingar fjármálafyrirtækja s.s. lögfræðingar og ráðgjafar á öðrum sviðum myndu alla jafna ekki uppfylla þetta skilyrði.
 - b) Viðskiptamaður sem ekki starfar á fjármálamarkaði getur uppfyllt þetta skilyrði ef viðkomandi hefur haft það að aðalstarfi síðastliðið ár a.m.k. að bera ábyrgð á fjárfestingum og meta áhættu þeim tengda, sbr. t.d. fjárfestingarstjóri hjá lífeyrissjóði eða fjárfestingarfélagi.
 - c) Litið er til þekkingar þess starfsmanns lögaðila sem ber ábyrgð á fjárfestingum hans og metur áhættu þeim tengdum. Að öðru leyti gilda ákvæði a) og b) liðar.


- 5.3. Að auki leggur bankinn sjálfstætt mat á hvort orðið skuli við ósk viðskiptamanns um að færa hann í flokk fagfjárfesta.
- 5.3.1. Ef viðskiptamaður uppfyllir ofantalin skilyrði leggur bankinn jafnframt sjálfstætt mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptamanns og hvort hún, að mati bankans, veiti nægilega vissu fyrir því að viðskiptamaðurinn geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst.
 - 5.3.2. Við slíkt mat er hægt að líta til mats Fjármálaeftirlitsins á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. reglur nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.
- 5.4. Bankinn mun á hverjum tíma gera eðlilegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að viðskiptamaður uppfylli í raun skilyrðin fyrir því að vera í flokki fagfjárfesta. Almennur fjárfestir sem óskar eftir því að vera færður í flokk fagfjárfesta skal eftir atvikum leggja fram eftirfarandi gögn til staðfestingar á því að skilyrðunum hafi verið fullnægt:
- 5.4.1. Staðfestingu á fjölda viðskipta síðastliðna tólf mánuði.
 - 5.4.2. Staðfestingu á verðgildi verðbréfaeignar.
 - 5.4.3. Vottorð frá vinnuveitanda eða aðra staðfestingu á því að viðskiptamaður hafi gegnt stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
- 5.5. Ef skilyrðunum er fullnægt á grundvelli upplýsinga sem þegar eru til hjá bankanum er ekki þörf á frekari staðfestingu.
- 5.6. Bankinn gerir viðskiptamanni skýra grein fyrir þeirri réttarvernd og þeim bótarétti sem hann kann að verða af við færslu í flokk fagfjárfesta. Viðskiptamaður skal staðfesta skriflega að hann hafi kynnt sér yfirlit bankans yfir flokka fjárfesta og lýsa því yfir að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd. Skjalið skal ekki vera hluti af samningi viðskiptamanns.
- 6. Eftirfylgni**
- 6.1. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.
- 7. Breytingar**
- 7.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.


Samþykkt af stjórn Kviku banka hf., 28. maí 2020


Sigurður Hannesson


Guðmundur Þórðarson


Inga Björg Hjaltadóttir


Guðjón Reynisson


Hrönn Sveinsdóttir